

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 24. júní 2020 í máli nr. 28/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 8. maí 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að bifreið hennar sé haldin galla. Sóknaraðili krefst þess að kaupunum verði rift eða varnaraðila verði gert að afhenda henni nýja bifreið.

### II

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili festi kaup á bifreið með skráningarnúmerinu [...], af gerðinni Range Rover Evoque, nýrri af bílasölu þann 16. júní 2017. Varnaraðili er umboðsaðili bifreiðarinnar hér á landi fyrir hönd framleiðanda. Sóknaraðili telur að bifreiðin sé haldin galla vegna ítrekaðra bilana og viðgerða á verkstæði. Að sögn sóknaraðila bilaði bakkmyndavél bifreiðarinnar stuttu eftir kaupin og hefur ítrekað verið skipt um hana frá þeim tíma af hálfu varnaraðila. Þá hefur ekki verið unnt að kveikja og slökkva á bifreiðinni sem skyldi að sögn sóknaraðila, læsingar hafa verið fastar, speglar hafi ekki breytt um stöðu eins og þeir eigi að gera o.fl. Sóknaraðili kveðst hafa rætt við þjónustustjóra varnaraðila. Komið hafi fram að sóknaraðili hafi ekki viljað að gert yrði við bifreiðina að nýju heldur vilji hún skila bifreiðinni. Hún hafi í fyrstu fengið það svar að varnaraðili taki ekki við bifreiðum sem ekki eru keyptar af umboðinu. Eftir langar viðræður hafi varnaraðili samþykkt að taka við bifreiðinni og gefið sóknaraðila þær upplýsingar að hún gæti fengið afhenta nýja bifreið gegn greiðslu mismunar á kaupverði nýju bifreiðarinnar, með góðum afslætti. Sóknaraðili kveðst hafa hafnað tilboðinu. Varnaraðili neitaði þá að sögn sóknaraðila að taka við bifreiðinni þar sem viðgerð væri lokið. Bifreiðin er nú biluð að nýju að sögn sóknaraðila. Sóknaraðili krefst þess að kaupunum verði rift eða varnaraðila verði gert að afhenda henni nýja sambærilega bifreið.

Með kvörtun sóknaraðila bárust gögn sem ekki voru aðgengileg til skoðunar. Engin önnur gögn bárust með kvörtun.

Í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa segir að kærunefndin geti óskað eftir því að málsaðilar leggi fram gögn í máli. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis:

*Sé kvörtun metin ótæk til meðferðar, skv. e-lið 1. mgr. 14. gr. laga um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur nefndin veitt neytanda stuttan frest til úrbóta.*

Samkvæmt e. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kærunefnd vöru- og þjónustukaupa vísað máli frá þegar kvörtun er metin ótæk til meðferðar. Frávísun kvörtunar með vísan til framangreinds ákvæðis á við

ef kvörtun er svo óljós, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að mál sé ekki tækt til úrskurðar.

Þann 11. maí 2020 sendi kærunefndin bréf til sóknaraðila þar sem óskað var eftir framlagningu gagna til stuðnings kröfu sóknaraðila í málinu. Krafan var ítrekuð þann 14. maí 2020. Kærunefndinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem staðfesta kaup sóknaraðila á bifreiðinni með skráningarnúmerinu [...] þær bilanir sem komu upp í bifreiðinni eða atvik máls að öðru leyti. Kærunefndin telur sér því ekki fært að kveða upp úrskurð á grundvelli þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. e. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

Kærunefndin bendir á að sóknaraðili getur óskað eftir því að málið verði tekið til meðferðar að nýju með framlagningu gagna til stuðnings kröfu sinni.

### III

#### Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson